



Vatnajökulspjóðgarður
Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 127. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, fimmtudaginn 18. apríl 2024, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Eyrún Fríða Árnadóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Sigríður Arna Arnþórsdóttir, varafulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Steindór Sigurjónsson, varafulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn.

Forföll:

Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Skaftafell, Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Skaftafell, Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn.

1. Íshellaferðir og jöklagöngur - fyrirkomulag 2024-2026 - 2404024

Þjóðgarðsvörður fer yfir tillögum að breytingum á samningum um íshellaferðir og jöklagöngur á suðursvæði.

Svæðisráð fagnar tillögum að breyttum samningum um íshellaferðir og jöklagöngur á suðursvæði. Með breyttu fyrirkomulagi er verið að koma til móts við óskir ferðaþjónustuaðila um bætt aðgengi að helstu áfangastöðum íshellaferða og jöklagangna og lengri samningstíma. En á sama tíma og þetta skref er nauðsynlegt fyrir suðursvæði þjóðgarðsins vill svæðisráð leggja áherslu á að þær sértekjur sem aflað er á þennan hátt skil sér að öllu leyti til svæðisins aftur.

Svæðisráð skilur mikilvægi þess að suðursvæði, með alla þá fjölbreyttu atvinnustarfsemi sem þar fer fram, sé leiðandi í innleiðingu og þróun atvinnustefnu þjóðgarðsins. Á sama tíma telur svæðisráð nauðsynlegt að stjórn þjóðgarðsins og önnur svæðisráð fari að velta fyrir sér þeim möguleikum sem felast í gerð samninga um atvinnutengda starfsemi á öðrum svæðum þjóðgarðsins. Svæðisráð hvetur önnur svæðisráð til þess að hefja þetta ferli á sínum svæðum.

Að lokum vill svæðisráð hrósa ferðaþjónustufyrirtækjum sem starfa innan suðursvæðis fyrir virkt samtal og samstarf.

Fundargerð ritaði: Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 09:30.